

Listasafn Einars Jónssonar
Einar Jónsson myndhöggvari skrá um líf og starf
Elfa Eyþórsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
1 Tilurð skrárinnar	3
2 Heimildavinna og skráning.....	4
3 Ritaskrár	9
3.1 Ritaskrá I: Íslenskar dagblaða- og tímaritsgreinar með umsögnum og efnisorðum	9
3.2 Ritaskrá II: Íslenskar fréttatilkynningar í dagblöðum og tímaritum með umsögnum	39
3.3 Ritaskrá III: Erlendar dagblaða- og tímaritsgreinar með umsögnum og efnisorðum	50
3.4 Ritaskrá IV: Fréttatilkynningar í erlendum dagblöðum og tímaritum með umsögnum	87
3.5 Ritaskrá V: Ljóð ort til Einars eða tengd honum í íslenskum dagblöðum og tímaritum	98
4 Höfundaskrá fyrir ritaskrár I - V	100
5 Titlaskrá fyrir ritaskrár I - V	102
6 Efnisorðaskrár fyrir ritaskrár I og III.....	107
7. Mannanafnaskrá fyrir ritaskrár I og III.....	109
8. Staðarnafnaskrá fyrir ritaskrár I og III.....	114
9. Verkaskrá fyrir ritaskrár I og III.....	117
Lokaorð	120
Heimildaskrá.....	121

Inngangur

Skrá þessi er lokaverkefni í bókasafns- og upplýsingafræði við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Hún er unnin á vormisseri árið 2005.

Tilgangur verkefnisins er að gera skrá yfir heimildir um Einar Jónsson myndhöggvara og málefni tengd honum sem safnað hefur verið saman í úrklippubók. Í henni eru aðallega greinar, tilkynningar og ljóð úr dagblöðum og tímaritum, íslenskum og erlendum og eru þær elstu frá árinu 1895. Úrklippubókin er geymd á skrifstofu forstöðumanns Listasafns Einars Jónssonar. Ástæðan fyrir vali mínu á viðfangsefni var áhugi fyrir íslenskri myndlist og því að kynnast lífi og starfi Einars Jónssonar myndhöggvara, brautryðjanda í íslenskri myndlist.

Verkefnið felst í því að flokka, lykla og skrá heimildir úrklippubókarinnar.

Markmiðið með gerð skrárinnar er að gera heimildirnar í úrklippubókinni um myndhöggvarann Einar Jónsson aðgengilegri fyrir þá sem vilja kynna sér það sem skrifað hefur verið um Einar, verk hans og málefni tengd honum.

Einar Jónsson var fyrsti íslenski myndhöggvarinn. Hann fæddist 11. maí 1874 að Galtafelli í Hrunamannahreppi. Hann var bóndasonur og þriðji í röð sjö systkina. Listnám sitt hóf hann í Danmörku og fór í námsferðir til annarra landa. Hann lagði áherslu á að listamenn færu sínar eigin leiðir í listsköpun sinni. Erlendar heimildir eru til vitnis um að hróður hans fór víða. Árið 1909 bauð hann íslenska ríkinu öll verk sín að gjöf með því skilyrði að byggt yrði yfir þau safnhús. Ríkið og vinir hans létu reisa honum safnhús sem var jafnframt vinnustofa og heimili hans og Önnu eiginkonu hans. Á Jónsmessunótt 1923 var Listasafn Einars Jónssonar á Skólavörðuholti opnað almenningi. Einar lést árið 1954 á 81. aldursári.

Í upphafi verkefnisins er greint frá tilurð skrárinnar og komið með hugmyndir um hvernig nýta megi skrána. Þá er gerð grein fyrir heimildavinnu, skráningu og skipulagi verkefnisins. Aðaluppistaða verkefnisins eru fimm ritaskrár sem ná yfir heimildir í úrklippubókinni. Sú fyrsta hefur að geyma íslenska umfjöllun í dagblöðum og tímaritum og fylgir hverri færslu umsögn og efnisorð. Næsta skrá nær yfir íslenskar fréttatilkynningar með umsögnum. Þriðja skráin felur í sér erlenda umfjöllun með umsögnum og efnisorðum. Fjórða skráin er yfir erlendar fréttatilkynningar með umsögnum. Fimmta skráin nær yfir ljóð ort til Einars eða tengd honum. Að auki eru höfunda- og titlaskrár fyrir ritaskrár fimm. Þá koma efnisorðaskrá, manna- og staðarnafnaskrár fyrir ritaskrá I og III. Einnig er skrá yfir verk Einars sem koma fyrir í ritaskrá I og III. Að síðustu eru lokaorð, heimildaskrá og viðauki.

Í kaflanum *Heimildavinna og skráning* er nánari lýsing á uppbyggingu og skráningu hverrar skráar fyrir sig.

1. Tilurð skrárinnar

Forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Júlíana Gottskálksdóttir óskaði eftir að gerð yrði skrá yfir heimildir um Einar Jónsson myndhöggvara og málefni tengd honum, sem gæti nýst sem BA verkefni í bókasafns- og upplýsingafræði. Á Listasafni Einars Jónssonar hefur heimildum af ýmsu tagi verið safnað saman og eru þær að mestu óskráðar. Þar er meðal annars að finna úrklippubók, sem í hafa verið límdar úrklippur úr dagblöðum og tímaritum, íslenskum og erlendum. Einnig hefur lausum úrklippum verið stungið aftast í bókina. Ákveðið var að byrja að skrá það sem er í úrklippubókinni því að þar eru elstu heimildirnar, allt frá árinu 1895 og þó nokkuð af erlendum heimildum sem eflaust er erfitt að nálgast annars staðar en í bókasöfnum erlendis eða erlendum gagnagrunnum. Ekki er vitað hver hefur safnað úrklippunum í úrklippubókina. En gera má ráð fyrir að Einar eða eiginkona hans, Anna Jónsson hafi safnað þessum heimildum saman og komið þeim fyrir í bókinni. Eftir þeirra daga má ætla að starfsfólk safnsins hafi stungið inn lausum úrklippum aftast í bókina.

Í mjög mörgum tilfellum fylgja ekki nöfn höfunda, titlar greina og blaða og dagsetningar úrklippunum. Á nokkrum stöðum hafa upplýsingar verið handskrifaðar

eftir á við úrklippurnar. Skráin nær eingöngu yfir úrklippusafn Einars og er því ekki tæmandi fyrir heimildir um Einar og málefni tengd honum. Enn er mikið efni óskráð sem nægir eflaust í aðra skrá eða skár. Líta má á þessa skrá sem hluta af skráningu heimilda um Einar Jónsson myndhöggvara.

2. Heimildavinna og skráning

Í skránni eru eingöngu heimildir úr áður nefndri úrklippubók. Oft og iðulega vantar upplýsingar um heimildirnar eins og til dæmis höfund, titil greinar, titil blaðs og dagsetningar. Mikið var reynt til að fá þær upplýsingar sem vantaði og að fá þær upplýsingar staðfestar sem voru handskrifaðar við úrklippurnar. Upplýsinga um blöð og tímarit sem ekki fundust í gagnagrunninum timarit.is¹ var leitað áfram í þjóðdeild og örfilmusafni Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og á Bókasafni Listasafns Íslands. Jafnframt var gagna aflað í Listasafni Einars Jónssonar með góðri aðstoð forstöðumannsins, Júlíönu Gottskálksdóttur. Þær upplýsingar í færslum sem ekki tókst að staðfesta eru innan hornklofa. Í kaflanum.

Heimildir skrárinnar eru skráðar í ritvinnsluforritið *Microsoft Word*. Við skráningu heimilda er stuðst við *Skráningarreglur bókasafna*² og *IFLA- staðallinn ISBD(M) Alþjóðlegan staðal um bókfræðilega lýsingu prentaðra bóka*³ og þá hefð sem skapast hefur í Listasafni Íslands.

Heimildum er raðað í skrána eins og þær koma fyrir í úrklippubókinni. Er sá háttur valinn vegna þess að víða vantar upplýsingar um heimildirnar og þeim raðað frekar handahófskennt í úrklippubókina þannig að erfitt hefði orðið að raða eftir ákveðnum þáttum eins og til dæmis ártölum og einnig að heimildirnar eru allar á einum stað þ.e. í úrklippubókinni. Blaðsíðutal bókarinnar er aftast í hverri færslu. Heimildunum, sem lausar voru í bókinni, hefur verið komið fyrir í númeruðum umslögum frá 1 - 5 og er þess getið í færslu í hvaða umslagi þær er að finna, dæmi: u. nr. 3. Umslögín eru aftast í bókinni.

¹ www.timarit.is

² Gorman, Michael 1988.

³ IFLA Alþjóðasamband bókasafna 1992.

Dæmi um skráningu:

Ástríður Eggertsdóttir. „Á Einars safni.“ *Morgunblaðið*, 6. desember 1959, mynd, s. 15.

Umsagnir

Færslum í ritaskrá I, II, III og IV fylgja stuttar umsagnir þar sem dregið er fram það helsta sem er til umfjöllunar í hverri grein.

Efnisorðagjöf

Færslum í ritaskrá I og III eru gefin efnisorð, mannanöfn, staðarnöfn og heiti verka, þar sem það á við. Getur efnisorðagjöf því verið mjög mismunandi milli færsla. Stuðst er við *Kerfisbundinn efnisorðalykil*, 3. útg. 2001.⁴ Orðum sem ekki finnast þar en höfundi finnst vanta bætir hann við. Til dæmis er efnisorðið *Listasafnið* notað yfir Listasafn Einars Jónssonar og Hnitbjörg. Heiti listaverka Einars sem koma fram í greinum eru skáletruð sem efnisorð.

Umsagnir og efnisorð eru gefin til að auðvelt sé að kynna sér efni heimilda og auka þannig gildi skrárinnar. Umsagnir og efnisorðagjafir eru mismunandi því að greinarnar eru mislangar og misefnismiklar.

Athugasemd

Við nokkrar færslur hafa verið gerðar athugasemdir. Þar sem greinum í skránni hefur verið ráðað niður eins og þær koma fyrir í úrklippubókinni, kemur sama greinin í einstaka tilfellum fram tvisvar sinnum og var ákveðið að skrá þær í bæði skiptin og er þess þá getið í athugasemd.

Ritaskrár I og III

Ritaskrá I nær yfir íslenskar dagblaða- og tímaritsgreinar og ritaskrá III yfir erlendar. Fyrst er tilgreint númer færslu. Greinarnar eru skráðar á höfund ef hans er getið. Næst er titill greinar innan gæsalappa, þá er titill blaðs eða tímarits skáletraður og að lokum kemur dagsetning og ártal ef um dagblað er að ræða en annars árgangur, tölublað og ártal tímarits. Næst kemur fram hvort mynd eða myndir fylgja greininni og að lokum er

⁴ Margrét Loftsdóttir og Þórdís T. Þórarinsdóttir 2001.

blaðsíðutal úrklippubókarinnar eða númer umslags ef um lausar úrklippur er að ræða. Umsögn og efnisorð fylgja hverri færslu en mannanöfn, staðarnöfn, heiti verka og athugasemd ef það á við. Ef höfundar er ekki getið er skráð á titil greinar.

Dæmi:

1.19 Helgi Hjörvar. „Kona listamannsins frú Anna Jónsson sjötug.“ *Morgunblaðið*, 14. apríl 1955, myndir, s. 38.

Umsögn Ummæli Einars um fyrstu kynni þeirra Önnu, hug hans til hennar og samband þeirra.

Efnisorð Ást - Sambúð - *Vökumaðurinn* - *Þorfinnur karlsefni*

Mannanöfn Anna Jørgensen

Staðarnöfn Berlín - Horsens - Kaupmannahöfn - Róm

Ritaskrár II og IV

Ritaskrá II nær yfir íslenskar fréttatilkynningar í dagblöðum og tímaritum og ritaskrá IV yfir erlendar. Fyrst er tilgreint númer færslu. Fréttatilkynningar eru skráðar á höfund ef hans er getið, annars á titil fréttatilkynningar sem er auðkenndur innan gæsalappa. Titill blaðs eða tímarits er skáletraður, þá kemur dagsetning og ártal ef um dagblað er að ræða en annars árgangur, tölublað og ártal tímarits. Næst kemur fram hvort mynd eða myndir fylgi greininni og að lokum blaðsíðutal í úrklippubókinni eða númer umslags ef um lausar úrklippur er að ræða. Ritaskránum fylgja umsagnir.

Dæmi:

2.4 Chr. „Símskeyti frá konungi.“ *Morgunblaðið*, 30. september 1915.

Umsögn Símskeyti þar sem Kristján X. konungur þakkar minnismarkið sem reist hafði verið í heiðursskyni um afa hans, Kristján konung IX.

Ritaskrá V

Ritaskrá V nær yfir ljóð sem hafa verið ort til Einars Jónssonar, um hann eða tengd honum, hafa birst í íslenskum dagblöðum og tímaritum og eru í úrklippubókinni. Fyrst er tilgreint númer færslu. Ljóð eru skráðar á höfund ef hans er getið, annars á titil ljóðs sem er auðkenndur innan gæsalappa. Titill blaðs eða tímarits er skáletraður, þá kemur dagsetning og ártal ef um dagblað er að ræða en annars árgangur, tölublað og ártal

tímarits. Að lokum er blaðsíðutal úrklippubókarinnar þar sem ljóðið er að finna eða númer umslags ef um lausar úrklippur er að ræða.

Dæmi:

5.8 Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. „Til Einars myndhöggvara Jónssonar og konu hans.“
Voröld, 27. ágúst 1918, s. 130.

Höfundaskrá fyrir ritaskrár I - V

Skráin nær yfir höfunda greina í ritaskrá I – V sem tilgreindir eru. Höfundum er raðað upp í stafrófsröð. Íslenskum nöfnum er raðað eftir fornafni en erlendum eftir eftirnafni. Tilvísunarnúmer er við nafn hvers höfundar sem vísar til færslu í viðkomandi ritaskrá.

Dæmi:

Grétar Fells 2.53, 5.16

Titlaskrá fyrir ritaskrár I - V

Skráin nær yfir titla eða heiti greina og ljóða í ritaskrá I - V. Stafsetning á titlum er sú sama og kemur fram í heimild en víða eru titlar styttnir og oft er undirfyrirsögnum sleppt. Titlar sem byrja á ákveðnum eða óákveðnum greini (í ensku, dönsku og þýsku) raðast á næsta staf á eftir greini. Greinar sem eru án titils eru undir liðnum *Án titils*. Titlum er raðað í stafrófsröð og við hvern titil er tilvísunarnúmer sem vísar í viðkomandi grein í ritaskrá.

Dæmi:

(Den) Frie udstilling og de unge billedhuggere 3.13

Efnisorðaskrá fyrir ritaskrár I og III

Skráin nær yfir efnisorð sem greinum í ritaskrá I og III voru gefin. Efnisorðum er raðað upp í stafrófsröð og við hvert efnisorð er tilvísunarnúmer sem vísar í viðkomandi grein í ritaskrá.

Dæmi:

Bókaútgáfa 1.39, 1.66, 1.73

Mannanafnaskrá fyrir ritaskrár I og III

Skráin nær yfir mannanöfn sem koma fyrir í ritaskráum I og III. Skránni er raðað í stafrófsröð. Íslenskum nöfnum er raðað eftir fornöfnum en eftir eftirnöfnum ef um erlend nöfn er að ræða. Fyrir aftan hvert nafn er tilvísunarnúmer sem vísar í færslu í viðkomandi ritaskrá.

Dæmi:

Björn Kristjánsson 1.21, 1.22, 1.34, 1.43, 1.57, 1.81, 3.7, 3.38, 3.43, 3.44, 3.95

Staðarnafnaskrá

Skráin nær yfir staðarnöfn sem koma fyrir í ritaskráum I og III. Skránni er raðað í stafrófsröð. Fyrir aftan hvert staðarnafn er númer sem vísar í færslu í viðkomandi ritaskrá.

Dæmi:

Berlín 1.17, 1.19, 1.55, 3.37, 3.80

Verkaskrá

Skráin nær yfir verk Einars sem koma fram í greinum úrklippubókarinnar og eru skáletruð undir liðnum Efnisorð. Sum verkin ganga undir fleiru en einu nafni. Þegar þannig stendur á er bent á nafn sem notað er í bókinni *Einar Jónsson myndhöggvari*,⁵ en það nafn sem kemur fram í grein haft innan sviga. Fyrir aftan heiti hvers verks er tilvísunarnúmer sem vísar í færslu í viðkomandi ritaskrá.

Dæmi:

Ýmir og Auðhumla 1.29, 1.31, 1.47, 3.50, 3.57, 3.89, 3.90

Viðaukar

Í viðauka eru myndir, ein af Einari Jónssyni myndhöggvara og nokkrar af verkum hans.

⁵ Einar Jónsson myndhöggvari 1982.

Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru að finna í skránni:

[]: hornklofi, upplýsingar innan hornklofa er ekki að finna í heimild.

s: blaðsíða

u: umslag

[Án árs]: vantar ártal í heimild.

[Án dagsetn.]: vantar dagsetningu í heimild.

[Án s. n.]: án útgefanda.

[Án titils]: vantar titil heimildar,

[Án titils blaðs] vantar titil dagblaðs- eða tímarits

4. Ritaskrár

Ritaskrárnar eru fimm og byggjast á heimildum sem safnað hefur verið í úrklippubók sem geymd er í Listasafni Einarssonar. Öllum færslum í ritaskrár I - IV fylgja umsagnir en efnisorð fylgja ritaskrá I og III.

4.1 Ritaskrá I: Íslenskar dagblaða- og tímaritsgreinar með umsögnum og efnisorðum

1.1 B.Th. M. „Drengur á bæn.“ *Eimreiðin*, (1)1, 1895, mynd, s. 1.

Umsögn Sagt er frá að Einar kom til Kaupmannahafnar vorið 1893. Í fyrstu fékkst hann við tréskurð en síðar fór hann á smíðastofu Stefáns Sinding myndhöggvara. Greint er frá að hann sé nú að höggva sína fyrstu mynd í marmara.

Efnisorð *Drengur á bæn*

Mannanöfn Gróa Einarasdóttir - Jón Bjarnason - Sinding, Stefan

Staðarnöfn Galtafell - Kaupmannahöfn

1.2 J. H. „Íslensku listamannaefnin erlendis.“ *Ísafold*, 19. maí 1901, s.1.

Umsögn Fjallað er um tvo íslenska myndlistarmenn, Einar og Þórarín B. Þorláksson er tóku þátt í vorsýningu í Charlottenborgarhöllinni árið 1901 og ber herra umfjöllun um verk Einarssonar. Fram kemur að enginn komist þangað inn nema við hann séu að minnsta kosti

bundnar vonir. Sagt er frá úthlutun styrkja frá Alþingi til þeirra. Virðist verk Einars *Útilegumaðurinn* hafa vakið einna mesta eftirtekt allra verka á sýningunni.

Efnisorð Alþingi - Myndlistasýningar - Styrkir – *Útlagar*
(*Útilegumaðurinn*)

Mannanöfn Þórarinn B. Þorláksson

Staðarnöfn Charlottenborg - Galtafell - Kaupmannanöfn - Noregur - Svíþjóð

1.3 Helgi Hannesson. „Hnitbjörg.“ *Morgunblaðið*, 17. ágúst 1923 s. 2.

Umsögn Fjallað er um safn Einars sem mikill fengur þykir að, nafn þess sé við hæfi og menn komi þaðan út betri menn. Lagt er til að Einar gefi safngestum skýringar á myndum sínum. Greint er frá nokkrum verka hans. Sagt að margt sé líkt með honum og Helga, höfundu Nýáls.

Efnisorð Listasafnið - *Alda aldanna* - *Dögun* - *Fornlist* - *Höndin* - *Ingólfur Arnarson* - *Natura Mater (Móðir náttúra)* - *Samviskubit* - *Týndi sonurinn* - *Útlagar (Útlaginn)* - *Vökumaðurinn (Vaktmaðurinn)* - *Þorfinnur karlsefni*

Mannanöfn Ari fróði - Chaplin - Helgi [Pjetursson] - London, Jack - Snorri Sturluson

Staðarnöfn Galtafell

1.4 „Útilegumaðurinn.“ *Sunnanfari*, (9)8, 1901, myndir, s. 4.

Umsögn Greint frá að Einar hafi tekið þátt í listsýningu í Charlottenborg vorið 1901 við góðan orðstír. Fjallað er um verkið, *Útilegumaðurinn*. Sagt er að einungis vanti að auðmaður eða listasafn panti listaverkið höggvið í marmara. Þess er getið Alþingi til sóma að það hafi veitt honum styrk til Rómarfarar. Fram kemur að Einar hafi fengið pöntun um brjóstlíkneski af tveimum merkjum dönskum mönnum. Þess er óskað að hann eigi eftir að verða sjálfum sér og landi til sóma og ánægju.

Efnisorð Jason - Myndlistarsýningar- *Útlagar (Útilegumaðurinn)*

Mannanöfn Bjerre prófastur - Thorvaldsen, Albert - Matzen, Henning

Staðarnöfn Charlottenborg - Kaupmannahöfn - Róm

- 1.5 S. H. f. H. „Verður að loka safni Einars Jónssonar?“ [*Án titils blaðs (...ðið)*], 21. apríl 1936, s. 5.

Umsögn Þeirri spurningu er varpað fram hvort loka þurfi safninu yfir sumartímamann vegna gatnaframkvæmda á Skólavörðuholtinu. Það þykir miður vegna væntanlegs ferðamannastraums. Hvatt er til úrbóta vegna hirðuleysis og sóðaskapar við safnið.

Efnisorð Ferðamenn - Listasafnið - Myndlistarsýningar

- 1.6 Guðmundur Finnbogason. „Gjöf Einars Jónssonar myndasmiðs.“ *Ísafold*, 13. febrúar 1909, s. 5.

Umsögn Haft er eftir Einari að hafi hann það sem þarf til að lifa og starfa þá vilji hann helst enga mynd selja heldur býðst til að gefa Íslandi allar myndir sínar ef það sjái þeim hjónum fyrir sæmilegu húsnæði. Sagt er frá að Einar hafi hlotið styrk frá Alþingi og fjárveitingarvaldið hvatt til að styðja listamenn því listaverkin borgi sig ekki fyrr en frægð er fengin. Íslendingar hvattir til að taka við gjöfinni og Alþingi hvatt til að veita Einari árlega fjárveitingu.

Efnisorð Alþingi - Gjafir - Listasafnið - Styrkir

- 1.7 „Ingólfs-standmyndin.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 5.

Umsögn Rætt er um að hætt hafi verið við fyrirhugaða gjöf ríkisþings Dana á standmynd Jasons eftir Thorvaldssen eða Ingólfs landnámsmanns eftir Einar. Eru Íslendingar hvattir til að koma sjálfir upp Ingólfsmyndinni til dæmis með fjársöfnun.

Efnisorð Gjafir - Jason - Samskot - *Ingólfur Arnarson*

Mannanöfn Thorvaldssen, Albert

Staðarnöfn Kaupmannanöfn

- 1.8 F. B. „Um Einar Jónsson myndhöggvara.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 6.

Umsögn Sagt frá bréfi norsks hæstaréttarmálaflutningsmanns sem ferðaðist um landið og telur mestan viðburð ferðarinnar komu

sína í listasafn Einars. Hann telur að féð sem landið lagði til vegna Einars muni fást endurgoldið þúsundfalt.

Efnisorð Ferðamenn - Listasafnið

Mannanöfn Michelangelo - Rodin - Vigeland

1.9 Vik. „Íslenskur snillingur: Einar Jónsson myndhöggvari ryður nýjar brautir.“ *Morgunblaðið*, 30. júní, 1915, s. 7.

Umsögn Greinin er unnið úr norrænum blöðum sem gefin voru út í New York. Fram kemur hjá H. G. Leach að Einar sé hinn mesti listamaður sem uppi sé á Norðurlöndum og að ríkisstjórnin á Íslandi hafi gert ráðstafanir til að flytja verk hans heim. Sagt er frá að haldnar séu fjáröflunarsamkomur til smækkaðrar bronsmyndagerðar af listaverkum hans áður en þær verða fluttar til Íslands. Greint er frá hugsjón Einars varðandi list sína.

Efnisorð Afsteypur - Bókmenntir - Gildismat - Listasafnið

Mannanöfn Hellrung, Axel - Leach, H.G. - Ólafsson, Stanley T.

Staðarnöfn Ameríka - Danmörk - Evrópa

Athugasemd Sama grein og 1.36

1.10 Ástríður Eggertsdóttir. „Á Einars safni.“ *Morgunblaðið*, 6. desember 1959, mynd, s. 15.

Umsögn Fjallað er um listasafnið sem helgan hljóðlátan stað. Höfundur segir frá dvöl sinni í safninu í einn mánuð og viðbrögðum nokkurra gesta á safninu. Hvatt er til að börn sem ljúka fullnaðarprófi fái að koma og skoða safnið. Sem tillögu til fjáröflunar við gerð málmafsteypa af listaverkum nefnir höfundur hvort heita megji á safnið. Í lokin eru Guði, eiginkonu hans og öllum þeim sem studdu hann í verki færðar þakkir.

Efnisorð Afsteypur - Gildismat - Kirkjur - Skilningur - Heimska (*Efnishyggjan*)

Mannanöfn Anna Jónsson

Staðarnöfn Texas

1.11 „Einar Jónsson sextugur.“ *Fálkinn*, 12. maí 1934, myndir, 17.

Umsögn	Fjallað er um líf og störf Einars í stórum dráttum, uppvaxtarár og skólagöngu. Greint er frá nokkrum verka hans, byggingu Hnitbjarga og listaverkagjöf hans til þjóðarinnar. Sagt frá því að hróður hans hafi farið vaxandi og að íslenska þjóðin standi í þakkarskuld fyrir það sem hann hafði gert.
Efnisorð	Gjafir - Hnitbjörg – Listasafnið - <i>Alda aldanna</i> - <i>Drengur á bæn</i> - <i>Fornlistin</i> - <i>Hannes Hafstein</i> - <i>Ingólfur Arnarson</i> - <i>Jónas Hallgrímsson</i> - <i>Útlagar (Útilegumaðurinn)</i> - <i>Vökumaðurinn</i> - <i>Þorfinnur karlsefni</i>
Mannanöfn	Guðmundur Finnbogason - Sinding, Stephan - Thomsen, Ditlev
Staðarnöfn	Fairmount Park - Galtafell - Winnipeg

1.12 i.e.s. „Himinborin list.“ *Frjáls þjóð*, 19. janúar 1963, myndir, s. 19.

Umsögn	Fjallað er um safn Einars innandyrna og utan, nokkur verk hans og því haldið fram að varla fari nokkur þaðan út ósnortinn. Verkin eru sögð óháð tíma, sprottin af andstæðum og tákn sé eitt af einkennum þeirra ásamt trúnni.
Efnisorð	<i>Blindinginn</i> - <i>Mold</i> - <i>Úr álögum</i> - <i>Útlagar</i> - <i>Vor</i>
Mannanöfn	Einar Benediktsson

1.13 A. Th. „Útilegumaðurinn.“ *Vísir*, 16. júní 1964, mynd, s. 19.

Umsögn	Fjallað er um listaverkið og kvæðið Útilegumaðurinn sem til er orðið vegna áhrifa listaverksins. Útilegumaðurinn er sagður fyrsta verk Einars í Kaupmannahöfn og það sagt vera rétta nafnið á listaverkinu. Rætt um sölu þess og staðsetningu.
Efnisorð	<i>Útlagar (Útilegumaðurinn)</i>
Mannanöfn	Anna Jónsson - Bjarni Jónsson - Sigurður Sigurðsson - Thomsen, Ditlev
Staðarnöfn	Kaupmannahöfn

1.14 „Ingólfsmyndin: Þjóðrækni og mannlund.“ *Ísafold*, 24. apríl 1907, s. 21.

Umsögn	Greint frá viðbrögðum vegna áskorunar um samskot til að reisa líkneski af Ingólfi Arnarsyni. Iðnaðarmannafélaginu þökkðu drengileg viðbrögð en svörun embættismannastéttarinnar þóttu
---------------	---

kraftlítil. Ennfremur er fjallað um viðbrögð við fyrirlestri Guðmundar Finnbogasonar og sagt frá hlutaveltu þar sem húseign var vinningur.

- Efnisorð** Gjafir - Hlutaveltur - Iðnaðarmannafélagið - Samskot - *Ingólfur Arnarson*
- Mannanöfn** Guðmundur Finnbogason - Guðmundur Jakobsson - Magnús Blöndahl - Sveinn Jónsson - Th. D. - Zimsen
- Staðarnöfn** Arnarhóll - Bergstaðastræti

1.15 B. Sv. „Einar Jónsson myndhöggvari.“ *Dagfari*, 31. desember 1906, s. 21 og 23.

Umsögn Minnst á Albert Thorvaldsen. Stuttlega sagt frá fyrstu árum Einars við nám í Kaupmannahöfn og nokkrum verka hans. Ingólfur landnámsmaður nefndur, minnismerki um hann og samskot Íslendinga til kaupa á líkneski af honum eftir að heyrst hafði að Danir ætluðu að gefa Íslendingum það.

- Efnisorð** Samskot - Iðnaðarmannafélagið - *Drengur á bæn* - *Fornlistin (Antiken)* - *Jónas Hallgrímsson - Nemesis (Refsidómur)* - *Útlagar (Útilegumaðurinn)* - *Öreigar*
- Mannanöfn** Sinding, Stefan - Thomsen, D. - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Galtafell - Kaupmannahöfn

1.16 Bjarni Jónsson frá Vogu. „Einar frá Galtafelli og Ingólfur: Erindi flutt á Ingólfskvöldi ³¹/₁ 1908.“ *Huginn*, 7. febrúar 1908, s. 23.

Umsögn Menn eru hvattir til að styrkja Iðnaðarmannafélagið til að koma upp Ingólfsmynd. Henni er að nokkru lýst og fjórum lágmyndum á hliðum fótstalls á líkneski Ingólfs landnámsmanns. Vitnað í kvæðið Grógaldur í Sæmundar - Eddu.

- Efnisorð** Iðnaðarmannafélagið - Listrýni - Sæmundar - Edda - Tákn - *Alda aldanna (Skýstrokkur)* - *Dögun (Nátttröll)* - *Fornlistin* - *Höndin* - *Ingólfur Arnarson* - *Útlagar (Útilegumaðurinn)* - *Öreigar (Fátæklingar)*
- Mannanöfn** Gró - Óðinn - Yggdrasil - Þorsteinn Erlingsson
- Staðarnöfn** Arnarhóll - Valhöll

1.17 „Nú er það mitt hlutskipti að ganga svo um garðinn og safnið, að það sé verðug umgerð um list Einars: frú Sigríður Thorlacius ræðir við frú Önnu ekkju Einars Jónssonar, myndhöggvara.“ *Tíminn*, 13. apríl 1961, myndir, s. 25.

Umsögn Viðtal við frú Önnu meðal annars um fyrstu kynni þeirra Einars, dvöl hans í Róm, tilhugalífi þeirra, boð Einars á verkum sínum til íslenska ríkisins, byggingu Hnitbjarga og sumarbústaðinn á Galtafelli. Fram kemur að heimili þeirra hjóna eigi að verða minjasafn.

Efnisorð Gjafir - Listasafnið - Listrýni - Styrkir - Sumarhús - Tákn - *Dögun (Nátttröll) - Höndin - Jón Sigurðsson - Kristján konungur IX - Útlagar (Útilegumaðurinn) - Þorfinnur Karlsefni*

Mannanöfn Bjarni Jónsson - Dinesen - Hannes Hafstein - Heide - Jessen, Sigfús - Jón Magnússon - Jörgensen - Rautavaara - Sigurður Eggerz - Sigurjón Pétursson - Sveinn Björnsson - Torfhildur Hólm

Staðarnöfn Berlín - Charlottenborg - Galtafell - Hellerup - Ítalía - Róm

1.18 Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir. „Útlagi Einars Jónssonar.“ *Alþýðublaðið*, 13. júní 1964, myndir, s. 30, 31.

Umsögn Fjallað um styttuna Útlagan, viðbrögð við henni á sýningu í Charlottenborg, styrk Alþingis til Einars. Sagt frá kaupum Ditlev Thomsen á Útlaganum og gjöf hans til íslensku þjóðarinnar, staðsetningu hennar þangað til að hún kom í safnhús Einars. Brot úr grein um viðhorf hans til lífs og lista. Hann fjallar um álit sitt á listdómurum.

Efnisorð Jason - Listrýni - Styrkir – *Útlagar (Útlaginn)*

Mannanöfn Björn Th. Björnsson - Sinding, Stephan - Thomsen, Ditlev Thomas konsúll - Thorvaldsen, Albert - Tómas Guðmundsson Valtýr Guðmundsson

Staðarnöfn Charlottenborg - Kaupmannahöfn - Rípum - Róm

1.19 Helgi Hjörvar. „Kona listamannsins frú Anna Jónsson sjötug.“ *Morgunblaðið*, 14. apríl 1955, myndir, s. 38.

- Umsögn** Ummæli Einars um fyrstu kynni þeirra Önnu, hug hans til hennar og samband þeirra.
- Efnisorð** Ást - Sambúð - *Vökumaðurinn* - *Þorfinnur karlsefni*
- Mannanöfn** Jørgensen, Anna
- Staðarnöfn** Berlín - Horsens - Kaupmannahöfn - Róm
- 1.20** Jónas Jónsson frá Hriflu. „Einar Jónsson, myndhöggvari.“ *Vísir*, 21. desember 1954, s. 60.
- Umsögn** Greint frá útkomu bókar með myndum af nær öllum fullgerðum verkum Einars. Fjallað er um ævi- og námsferil hans. Ennfremur er sagt frá byggingu safnhúss og sáttmála Einars og ríkisins.
- Efnisorð** Bækur - Gjafir - Listasafnið - Samningar - Styrkir - *Þorfinnur karlsefni*
- Mannanöfn** Benedikt Gröndal - Bjarni Benediktsson - Bjarni frá Vogu - Canova - Pétur Magnússon - Sigurður Guðmundsson - Thorvaldsen - Vigfús Sigurgeirsson - Vilhjálmur Þór
- Staðarnöfn** Bandaríkin - England - París - Róm - Stóri Núpur – Ungverjaland - Þýskaland
- 1.21** „Einar Jónsson frá Galtafelli.“ *Fjallkonan*, 21. mars 1911, s. 69.
- Umsögn** Grein þessi birtist áður í *Lögbergi*, þar sem segir frá ummælum um Einar og list hans sem hafa birst í blöðum stórþjóðanna ásamt myndum af verkum hans. Þar kemur fram að í Danmörku átti Einar erfitt uppdráttar og fékk ómilda dóma en í Þýskalandi fékk hann allmikla eftirtekt og vinsamlega umfjöllun. Vonir voru bundnar við grein sem birtist í *The World* frá New York að hún gæti orðið honum til gagns og frægðar. Sagt frá uppvexti og ástæðum þess að hann fór utan til náms. Nokkrum listaverkum hans er lýst og fjallað um hugmyndir baki þeim.
- Efnisorð** Bernska - Listrýni - Skólaganga - *Alda aldanna (Skýstrokkur)* - *Ingólfur Arnarson* - *Útlagar (Nátttröll)*
- Mannanöfn** Björn Kristjánsson - Egan - Sinding, Stephan - Thorarensen, Bjarni - Valdimar Briem
- Staðarnöfn** Galtafell - Kaupmannahöfn - New York - Þýskaland

Athugasemd Sama grein og 1.22, ekki í sama blaði

1.22 „Einar Jónsson frá Galtafelli.“ *Lögberg*, 19. janúar 1911, s. 75.

Umsögn Vitnað er í grein sem birtist í *The World*, þá sömu og greint er frá hér að ofan. Skáldleg lýsing á náttúru landsins. Sagt frá uppvexti og ástæðu þess að hann fór hann til Kaupmannahafnar í handleiðslu, nokkrum verkum hans er lýst og hugmyndum að baki þeim.

Efnisorð Bernska - Listrýni - Skólaganga - *Alda aldanna (Skýstrokkur)* - *Ingólfur Arnarson - Útlagar (Nátttröll)*

Mannanöfn Björn Kristjánsson - Egan - Sinding, Stephan - Thorarensen, Bjarni - Valdemar Briem

Staðarnöfn Galtafell - Kaupmannahöfn - New York - Þýskaland

Athugasemd Sama grein og 1.21, ekki í sama blaði

1.23 „Einar Jónsson myndhöggvari.“ *Heimskringla*, 19. janúar 1911, s. 77.

Umsögn Grein þessi birtist áður í *Chicago Tribune*. Hún hefst á skáldlegri lýsingu á náttúru landsins, áhrif hennar á æsku og síðar list Einars. Fjallað er um uppvaxtarár hans, skólagöngu og þá handleiðslu sem hann fékk eftir að hann kom til Kaupmannahafnar og nokkur verk hans

Efnisorð Bernska - Listrýni - Skólaganga - Styrkir - *Dagrenning* - *Ingólfur Arnarson - Maður og kona - Útlagar (Útilegumaðurinn)*

Mannanöfn Bissen - Brynjólfur Jónsson - Sinding, Stephan - Stein

Staðarnöfn Kaupmannahöfn

1.24 „Tveir frægir Íslendingar.“ *Heimskringla*, 2. febrúar 1911, s. 77.

Umsögn Í greininni er fjallað um Einar og Hjört Þórðarson, sagt að þeir séu að ná heimsfrægð. Greint er frá að í blöðum stórborganna hafi verið fjallað um verk þeirra og lokið lofsorði á þau. Líkur eru á að þær beini augum auðkýfinga að Einari.

Efnisorð Frægð - Vísindamenn

- Mannanöfn** Finsen, Niels - Hjörtur Þórðarson - H. W., Richard - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Chicago
- 1.25** Séra Rögnvaldur Pétursson. „Ávarp: Flutt í samsæti er Ísl. héldu Einari Jónssyni frá Galtafelli og konu hans í Tjaldbúðarkirkju 23. ág.“ *Lögberg*, 29. ágúst 1918, s. 78.
- Umsögn** Einar boðinn velkominn og færðar þakkir fyrir listaverk sem hafa gert hann frægan. Fjallað er um gildi þeirra fyrir þjóðina.
- Efnisorð** Frægð - Gildismat - Þakkir - *Drengur á bæn* - *Ingólfur Arnarson* - *Jón Sigurðsson* - *Útlagar* - *Þorfinnur karlsefni* - *Öreigar*
- Mannanöfn** Jónas Hallgrímsson - Thomsen, Gr. - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Kaupmannahöfn - Róm
- Athugasemd** Sama grein og 1.45
- 1.26** G. M. „Einar Jónsson og „Ingólfur“.“ *Lögretta*, 16. nóvember 1910, s. 89.
- Umsögn** Fjallað er um athugasemdir og rangfærslur í grein sem birtust í *Ingólfi* um verk Einars af Jónasi Hallgrímssyni. Kemur fram að Einar hafi ekki verið ánægður með það verk sitt sem var pantað hjá honum og átti að vera sem líkast mynd sem gerð var af Jónasi látnum.
- Efnisorð** Ágreiningur - Lygi - Myndlistarsýningar - *Jón Sigurðsson* - *Jónas Hallgrímsson* - *Öreigar (Fátæklingar)*
- Mannanöfn** Bjarni frá Vogu - Vilhjálmur Borgfjörð
- 1.27** „Álfu vorrar yngsta land.“ *Ingólfur*, 10. nóvember 1910, s. 91.
- Umsögn** Fjallað er um að safna hafi átt fyrir mynd af Jónasi Hallgrímssyni og búa hana til á hálfu ári sem þykir skammur tími. Talað er um að mynd Einars sé ekki falleg og sálarlaus.
- Efnisorð** Samskot - *Jónas Hallgrímsson* - *Öreigar*
- Mannanöfn** Zola, Emile
- Staðarnöfn** Kaupmannahöfn

- 1.28** Eyður. „Athugasemd: við athugasemdir G.M. í 56. tbl. Lögréttu.“ *Ingólfur*, 24. nóvember 1910, s. 91.
- Umsögn** Fjallað er um athugasemdir við athugasemdir. Höfundur finnst vanhugsað hjá greinarhöfundum að afsaka Einar og verk hans af Jónasi.
- Efnisorð** Listrýni - *Jónas Hallgrímsson*
- Mannanöfn** Jón Trausti
- 1.29** Án höf. „Gleðilegt nýjár.“ *Birkibeinar*, (3)1, 1913, myndir, s. 95.
- Umsögn** Fjallað er um nokkur verk Einars.
- Efnisorð** Gildismat – Styrkir - *Ýmir og Auðhumla - Brautryðjandinn - Engill lífsins - Engill með barn í faðmi sér - Friðrik konungur IIV- Morgunroðinn - Samviskubit*
- Mannanöfn** Jón Sigurðsson
- Staðarnöfn** England - Norðurlönd - Vesturheimur - Þýskaland
- 1.30** Kona. „Einar Jónsson myndhöggvari.“ *Heimilisblaðið*, (4)7, 1915, mynd, s. 100.
- Umsögn** Fjallað er um að blöð helstu menntaþjóða heimsins birti myndir af Einari og listaverkum hans. Lítillega fjallað um erfitt líf listamanna. Íslendingar hvattir til að styðja Einar á viðeigandi hátt. Einkenni hans sem listamanns eru dregin fram. Sagt frá listaverkagjöf Einars til íslenska ríkisins og spurt er hvort Íslendingar hafi efni á öðru en taka vel á móti henni og byggja hús yfir hana.
- Efnisorð** Frægð - Gjafir - Listasafnið - *Útlagar*
- Mannanöfn** Thomsen konsúll - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Kaupmannahöfn - New York
- 1.31** „Skemmtilegur fyrirlestur.“ *Heimskringla*, 18. mars 1915, s. 100.
- Umsögn** Fjallað er um fyrirlestur sem haldinn var á vegum Scandinavian Foundation. Í upphafi er talað um bókmenntir Norðurlanda til forna, þá er talað um víkingaöldina og ferðir víkinga um heimsins höf. Síðar er getið um fund Íslands, Grænlands og Ameríku og myndir notaðar til skýringa. Getið er um Einar og hann talinn

mestur allra þálfandi myndasmiða og nokkrar myndir hans sýndar.

Efnisorð Bókmenntir - Víkingar - Víkingaöld - Dögun (*Nátttröll*) - *Ýmir og Auðhumla*

Mannanöfn Eiríkur Hákonarson - Leach, Henry Goddard - Leifur Eiríksson - Poulsen, Niels - Runólfur Marteinsson - Sigurður Búason - Snorri - Vilhjálmur Stefánsson - Þorkell í Leiru

Staðarnöfn Ameríka - Danmörk - Grænland - Norður-Íshafið - Noregur - Nýfundnaland - Skjaldborg - Svíþjóð - Vínland

1.32 Borgari. „Frumleg landkynning.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 103.

Umsögn Deilt er á að ekki skuli vera til áætlanir um að setja upp götuljós í bænum þar sem er mikil og hættuleg umferð. Fjallað er um að umhverfi Listasafns Einarssonar sé þjóðinni til skammar og treglega gangi að koma hlutunum þar í lag.

Efnisorð Landkynningar - Listasafnið

1.33 „Girðingin um Hnitbjörg.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s.103.

Umsögn Fjallað er um Hnitbjörg, safnhúsið og því lýst sem einu sérkennilegasta og fegursta húsi bæjarins. Sagt er frá steyptum vegg um lóðina og grindum sem ætlað er setja þar ofan á sem minna á fangagrindur. Greinarhöfundur segir það ekki mega gerast, hins vegar eigi að vera gangstígar og bekkir í garðinum.

Efnisorð Landkynningar - Listasafnið - Umgengni

Mannanöfn Guðlaugur Einarsson

1.34 „Þegar fyrstu íslensku listaverkin voru sýnd á listasýningu erlendis.“ *Vísir*, 15. júlí 1964, mynd, s. 103.

Umsögn Fjallað er um *Útlaga*, sem sett var upp við Suðurgötu. Olli verkið þáttaskilum í íslenskri list því að það var fyrsta listaverk Íslendinga sem sýnt var erlendis ásamt málverkum eftir Þórarin B. Þorláksson. Ennfremur er fjallað um viðbrögð við styrkjum sem þeir fengu frá Alþingi.

Efnisorð Gildismat - Myndlistarsýningar - Skólaganga - Tákn - Styrkir
Útlagar

Mannanöfn Björn Kristjánsson - Foss, Haraldur - Halldór Daníelsson - Jón Þórarinnsson - Jónassen - Sinding, Stephan - Thorvaldsen - Þórarinn B. Þorláksson - Þórhallur Bjarnason - Valtýr Guðmundsson

Staðarnöfn Charlottenborg - Glasgow - Kaupmannahöfn - Róm - Þingvellir

1.35 Sig. Júl. Jóhannesson „Hjá Einari Jónssyni.“ *Lögberg*, 2. október 1913, s. 104.

Umsögn Einar lýsir nokkrum verkum sínum fyrir gestum. Við hæfi þykir að Alþingi Íslendinga bjóði ókeypis húsnæði fyrir hann og verk hans, sýningarsal og vinnustofu. Vestur - Íslendingar voru jafnframt hvattir til að sýna honum virðingu og kaupa af honum listaverk.

Efnisorð Styrkir - *Alda aldanna* - *Árstíðirnar* - *Dögun* - *Höndin* - *Mold* - *Samviskubit (Vond samviska)* - *Útlagar (Útilegumaðurinn)*

Mannanöfn Árni Eggertsson - Gunnar Gunnarsson - Jón Sigurðsson - Jón Stefánsson - Jón Vopni - Ólafía Jóhannsdóttir - Skúli fógeti - Sveinn Þorvaldsson - Þorbergur Þorvaldsson - Thorvaldsen

1.36 Vik. „Íslenskur snillingur : Einar Jónsson myndhöggvari ryður nýjar brautir.“ *Morgunblaðið*, 30. júní 1915, s. 108.

Umsögn Greinin er unnin úr norrænum blöðum sem gefin eru út í New York. Fram kemur hjá H. G. Leach að Einar sé hinn mesti listamaður sem uppi sé á Norðurlöndum og að ríkisstjórnin á Íslandi hafi gert ráðstafanir til að flytja verk hans heim. Sagt er frá að haldnar séu fjáröflunarsamkomur til smækkaðrar bronsmyndagerðar af listaverkum hans áður en þær verða fluttar til Íslands. Greint er frá hugsjón Einars varðandi list hans.

Efnisorð Afsteypur - Bókmenntir - Gildismat - Listasafið

Mannanöfn Hellrung, Axel - Leach, H. G - Ólafsson, Stanley T.

Staðarnöfn Ameríka - Danmörk - Evrópa

Athugasemd Sama grein og 1.9

- 1.37 Alexander Jóhannesson. „Síðustu listaverk Einars Jónssonar.“ *Eimreiðin*, (21)1, myndir, s. 116.

Umsögn Í upphafi er fjallað um vísindi og listir, stauma og stefnur. Nokkur listaverk Einars eru tekin til umfjöllunar. Fram kemur að hann er trúhneigður og hefur kynnt sér siðfræði og ýmsar trúarskoðanir og að þangað sækir hann oft efni verka sinna. Í lok greinarinnar er komið inn á þekkingarleysi íslensku þjóðarinnar á listum.

Efnisorð Gildismat - Gjafir - Listasafnið - Tákn - Trúarlíf - *Komið til mín* - *Ragnarök* - *Próun*

- 1.38 Þorsteinn Erlingsson. „Íslenskar listir og vísindi: smágreinar.“ *Ísafold*, 18. júlí 1914, s. 118, 120.

Umsögn Fjallað er um fjárveitingar til lista og vísinda. Ennfremur að listamenn eigi þátt í að við höfum getað verndað þjóðerni okkar og tungu og fyrir það er þjóð okkar kunn og virt. Fastheldni og ást á landsréttindum okkar, tungan og bókmenntir afla okkur virðingar og því þurfum við að verja og styrkja þær eftir megni. Alþingi Íslendinga hvatt til að sjá til þess að verk Einars verði flutt heim og komið upp húsi yfir þau. Fram kemur að Sig. Júlíus Jóhannesson stakk upp á því að Íslendingar vestra keyptu öll verk Einars og flyttu þau vestur um haf.

Efnisorð Alþingi - Bókmenntir - Gjafir - Listamenn - Listasafnið - Listir - Réttindi - Styrkir - Tungumál - Vísindi - *Höndin*

Mannanöfn Alexander - Ari [fróði] - Björnson - Brynjólfur Sveinsson - Caesar - Egill [Skallagrímsson] - Einar Benediktsson - Einar á Þverá - Gunnar [frá Hlíðarenda] - Grettir - Ibsen - Jóhann Sigurjónsson - Jón Arason - Jón Sigurðsson - Maurer, Konráð Napoleon - Njáll - Sig. Júlíus Jóhannesson - Skarphéðinn [Njálsson] - Snorri Sturluson

Staðarnöfn Danmörk - Grænland - Noregur - Winnipeg

- 1.39** „Einar Jónsson myndhöggvari.“ *Morgunblaðið*, 21. febrúar 1915, mynd, s. 119.
- Umsögn** Greint frá því að Einar hafi flust heim frá Kaupmannahöfn. Fjallað um verkið *Minnismerki um Viktoríu Bretadrottningu*. Fram kemur að Alþingi hafi veitt fé til að flytja öll listaverk Einars til landsins og að stofnað hafi verið hlutafélag í þeim tilgangi að gefa út bók með myndum og lýsingum af listaverkum hans.
- Efnisorð** Alþingi - Bókaútgáfa - Listasafnið – Styrkir - *Minnismerki um Victoríu drottningu keisaraynju Indlands*
- Staðarnöfn** Kaupmannahöfn
- 1.40** „Þorfinnur karlsefni.“ *Óðinn*, (11)12, 1916, myndir, s. 120.
- Umsögn** Fjallað er um Þorfinn karlsefni en hann er talinn vera fyrstur manna úr Norðurlálfu til að nema land í Vesturheimi og líkneski af honum sem í ráði er að reisa í Philadelphíu.
- Efnisorð** Listasafnið - Málverk - *Minnismerki um Hallgrím Pétursson - Minnismerki um Snorra Sturluson - Þorfinnur karlsefni*
- Mannanöfn** Samuel, J. Bunford
- Staðarnöfn** Grænland - Philadelphia
- 1.41** J. K. „Minnismerki Þorfinns karlsefnis.“ *Skinfaxi*, [án dagsetn.], mynd, s. 124.
- Umsögn** Fjallað er um minnismerki um Þorfinn karlsefni, sem stendur til að reisa í Philadelphia. Verkið er kostað með fé sem auðug kona lét eftir sig til þessa verkefnis. Fyrirmynd Einars var valin úr hópi verka nær 150 manna. Vonir eru bundnar við að hagur hans muni batna. Ennfremur þykir valið mikið happ fyrir íslensku þjóðina.
- Efnisorð** Erfðamál - *Þorfinnur karlsefni*
- Staðarnöfn** Philadelphia
- 1.42** „Þúsund ára afmælisgjöf.“ *Voröld*, 20 ágúst 1918., myndir, s. 126.
- Umsögn** Fjallað er um Einar sem afmælisgjöf á þúsund ára afmæli þjóðarinnar. Sagt lítillega frá uppvexti og glímu hans á listabrautinni. Hann er sagður hugsjóna- og trúmaður. Kona hans er sögð gáfuð og frábærlega dugleg.

Efnisorð Bernska - Gjafir - Skemmtanir - Þjóðhátíðarárið 1874

Mannanöfn Gunnar Gunnarsson

Staðarnöfn Winnipeg

- 1.43** Sig. Júlíus Jóhannesson. „Ávarp : Flutt í samsæti sem haldið var í Tjaldbúðarkirkjunni í Winnipeg 23. ágúst 1918, til heiðurs Einari Jónssyni og konu hans.“ *Voröld*, 27. ágúst, 1918, s. 128.

Umsögn Fjallað er um Einar. Hann er sagður hafa verið öðruvísi en önnur börn. Sagt frá vantrú manna á listamannsefni og greint frá að honum hafi verið ráðlagt að stæla erlenda listamenn, því að hann væri allt of íslenskur. Sagt frá *Útilegumanninum*. Lífi konu Einars er líkt við sögu Rutar úr Biblíunni og henni þakkað fyrir tryggð, styrk og von sem hún veitti manni sínum.

Efnisorð Bernska - Gildismat - Listamenn - Þakkir - *Útlagar (Útilegumaðurinn)*

Mannanöfn B. B. Jónsson - Björn Kristjánsson - Kristján Kristjánsson - Rask, R. Kr.

Staðarnöfn Alexandría - Aþena - Kaupmannahöfn - Róm - Winnipeg

- 1.44** [Án titils greinar (Samsæti var hald...)]. [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 128.

Umsögn Greint frá að vel sótt samsæti hafi verið haldið til að bjóða Einar og frú velkomin. Voru veittar veitingar og fluttar ræður. Sett var fram yfirlýsing þar sem fram kom að fólk á samkomunni lýsir yfir að það vilji og kunni að meta hæfileika og listaverk hans og gleðjist yfir þeirri vissu að þjóð þeirra eigi listamann sem vakið hafi athygli. Ennfremur voru J. Bunford Samuel og konu hans, Ellen Samuel færðar þakkir fyrir að láta reisa myndastyttu af Þorfinni karlsefni í Fairmount Park í Philadelphia.

Efnisorð Gildismat - Myndastyttur - *Þorfinnur karlsefni*

Mannanöfn B. B. Jónsson - Rögnvaldur Pétursson - Samuel, Ellen - Samuel, J. Bunford - Sig. Júl. Jóhannesson

Staðarnöfn Winnipeg - Philadelphia

- 1.45** Séra Rögnvaldur Pétursson. „Ávarp: Flutt í samsæti er Ísl. héldu Einari Jónssyni frá Galtafelli og konu hans í Tjaldbúðarkirkju 23. ág.“ *Lögberg*, 29. ágúst 1918, s. 132.
- Umsögn** Einari boðinn velkominn og færðar þakkir fyrir listaverkin sem hafa gert hann frægan. Fjallað er um gildi þeirra fyrir þjóðina. og hann hvattur til að halda henni áfram og sýna heiminum.
- Efnisorð** Frægð - Gildismat – Þakkir - *Drengur á bæn* - *Ingólfur Arnarson* - *Jón Sigurðsson* - *Útlagar (Útilegumaðurinn)* - *Þorfinnur karlsefni* - *Öreigar*
- Mannanöfn** Jónas Hallgrímsson - Thomsen, Gr. - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Kaupmannahöfn - Róm
- Athugasemd** Sama grein og 1.25
- 1.46** Einar Jónsson. „Ávarp Einars Jónssonar listamanns til Vestur - Íslendinga.“ *Lögberg*, 29. ágúst 1918, s. 134.
- Umsögn** Einar flytur þakkarorð fyrir sig og konu sína. Hann segir að hann hafi aldrei ætlað til Ameríku en nú sé hann þangað kominn og hafi sjaldan liðið eins vel. Honum verður tíðrætt um sólina og þá sem hana elta og segir það eitt af aðal lífseinkennum okkar.
- Efnisorð** Gleði - Sólin - Þakkir
- Staðarnöfn** Ameríka
- 1.47** „Listaverkasafn Einars Jónssonar.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 142.
- Umsögn** Sagt er frá að unnið sé af fullum krafti að nýju við byggingu safnhússins eftir að hún stöðvaðist 1916. Þegar því verður lokið er risin verðug bygging yfir verk Einars. Vonast er til að þá verði listaverk hans komin heim og þeim komið fyrir í nýja húsinu.
- Efnisorð** Listasafnið - *Útlagar (Útilegumaðurinn)* - *Ýmir og Auðhumla* - *Þorfinnur karlsefni*
- Staðarnöfn** Ameríka - Kaupmannahöfn

- 1.48** „Fagrar listir.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 142
- Umsögn** Umfjöllun um minnisvarða Jóns Sigurðssonar og lágmynd á fótstallinum. Listamanninum þótti ekki nóg að sýna forsetann með líkamsgervinu einu heldur fannst honum að sýna þyrfti innsta eðli þjóðhetjunnar í líkingarmynd.
- Efnisorð** Frumkvöðlar - Hetjan - Minnismerki - Tákn
- Mannanöfn** Jón Sigurðsson
- 1.49** Þórshamarinn okkar. „Einar Jónsson.“ *Vísir*, 17. janúar 1920, s. 142.
- Umsögn** Þetta er þýðing á grein sem birtist í blaðinu Verden og vi, eftir B. de Linde. Greint er frá að Einar sé kominn aftur eftir fjögurra ára dvöl í Vesturheimi. Hann muni ekki dvelja lengi í Danmörku því að hann ætli að setjast að á ættjörð sinni. Fram kemur að honum þykir vænt um Danmörku þó svo að Danir hafi aldrei skilið hann. Komið er inn á að uppvaxtarár hans á Íslandi hafi gert hann að djúpkönnuði og dulspekingi.
- Efnisorð** Bernska - *Einbúinn í Atlantshafi* - *Fæðing Psyche* - *Minnisvarði fallinna manna*
- Mannanöfn** de Linde, B.
- Staðarnöfn** Charlottenborg - Danmörk - England - Þýskaland
- 1.50** „Málverkasýning Ásgríms.“ *Morgunblaðið*, 16. apríl 1916, s. 142.
- Umsögn** Umfjöllun um list, listamenn og mat almennings á þeim í lifanda lífi eða að þeim látnum. Bent er á að Íslendingar eigi tvo núlifandi listamenn, Einar og Ásgrím Jónsson málara og að á þeim hvíli ekki eingöngu að skapa nýja list heldur einnig að varna óhollum straumum í listgreininni að komast hingað til lands og festa rætur.
- Efnisorð** Gildismat - Listamenn - Listir - Listrýni - Myndlistarsýningar
- Mannanöfn** Ásgrímur Jónsson - Eiríkur Ragnarsson - Thorvaldsen, Albert
- Staðarnöfn** Vinaminni

1.51 „Þorfinnur karlsefni: Afhjúpun líkneskisins í Filadelfíu.“ *Lögrétta*, 2. febrúar 1921, s. 144 og 145.

Umsögn Fjallað er um afhjúpun líkneskis Einars af Þorfinni karlsefni og stutt frásögn af ævi hans. Gefandi þess greinir frá ástæðum þess að hann lætur reisa líkneskið og fær Einar til að vinna verkið. Fleiri ræður voru haldnar og kom þar fram að 17 líkneski ættu eftir að rísa til viðbótar er segðu sögu Bandaríkjanna.

Efnisorð Frumbyggjar - Minnismerki - *Þorfinnur karlsefni*

Mannanöfn Cohen, Charles J. - Columbus - Fiskes - Halldór Hermannsson - Leach, H. G. - Samuel, J. Bunford - Leifur heppni Eiríksson - Philips, Henry - Philipps, H. M. - Samuel, Ellen - Snorri - Vespucci, Amerigo

Staðarnöfn England - Grænland - Labrador - St. Lawrence - fljót - Yarmonts

1.52 „Listasafnshúsið: viðtal við Einar Erlendsson húsameistara.“ [*Án titils blaðs*], [án dagsetn.], s. 146.

Umsögn Greint frá að safnbygging Einars hafi staðið hálfbyggð í tvö ár. Aftur sé farið að vinna við hana. Byggingunni er lýst að utan og innan. Fram kemur í viðtalinu að framkvæmdir hafi tafist vegna skorts á fé og byggingarefni. Ennfremur kemur fram að Einar er væntanlegur heim í vor ásamt verkum sínum.

Efnisorð Alþingi - Fjármál - Listasafnið

Mannanöfn Einar Erlendsson

Staðarnöfn Kaupmannahöfn

1.53 J. „Einar Jónsson sextugur.“ *Morgunblaðið-Lesbók*, [án dagsetn.], mynd, s. 149.

Umsögn Sagt er að það hafi verið Einari líkt að vera fjarverandi á sextugsafmæli sínu. Vikið er að uppvaxtarárum hans, þar sem hann fékk næði til að hugsa um þjóðsögur, ævintýri og sögu þjóðar sinnar sem hefur áhrif á listsköpun hans. Hann heldur til útlanda og kynnist listaverkum sinnar samtíðar og liðinna tíma. Fram kemur að með tímanum hefur hann horfið frá hinu ytra lífi

til hins innra. Hann hneigist æ meir að trúmálum og allt hans líf mótast af kristinni lífsskoðun.

Efnisorð Bernska - Gildismat - Trúmál - *Deiglan* - *Jól* - *Minnismerki um Hallgrím Pétursson* - *Minnismerki um Snorra Sturluson* - *Útlagar* (*Útilegumaðurinn*) - *Vökumaðurinn* - *Þorfinnur karlsefni* - *Þróun*

1.54 Jakob Kristinsson. „Einar myndhöggvari.“ *Morgunblaðið*, 8. maí 1921, s. 152, 154.

Umsögn Fjallað er um umsagnir um Einar og verk hans. Framan af hlaut hann misjafna dóma. Fram kemur m. a. að hann hafi getu til að fara sínar eigin leiðir og sé sannur sonur Íslands, að hann hafi hlotið nóga sæmd en ekki fé. Ennfremur segir að í hverju listaverki leiði hann í ljós einhvern sannleika, að hann hirði ekki um kreddur hinna né listastefnur. Ameríkumenn hvöttu hann til að setjast að í Ameríku. Fram kemur að hann vildi hvergi annars staðar vera en á Íslandi, þó hefur þjóðin ekki sýnt mikla rausn í fjárútlátum til hans. Vonast er til að gert verði betur í þeim efnum. Er honum jafnað við Ivan Mestrovic, sem er heimsfrægur.

Efnisorð Listastefnur - Listaverk - Listrýni - Styrkir - *Einbúi Atlantshafsins* - *Fornlistin* - *Fæðing Psyche* - *Þorfinnur karlsefni*

Mannanöfn Brinton, Christian - Gruner, M. - Luke, Albert - Mestrovic, Ivan

Staðarnöfn Ameríka - Chicago - Danmörk

1.55 Elín Pálmadóttir. „Konan í kastalanum á Skólavörðuholtinu.“ *Morgunblaðið-Lesbók*, 24. desember 1965, mynd, s. 153.

Umsögn Viðtal við frú Önnu, þar sem hún segir frá lífi sínu með Einari. Meðal annars er greint frá byggingu listasafnsins, giftingu þeirra, Ameríkuferð og hversdagslífinu. Fram kemur brot úr bréfi Einars þar sem hann ber fram þá ósk að Anna megi búa á heimili þeirra eins lengi og hún óski og fái að ráða þar öllu hvað varðar list hans og heimili.

Efnisorð Alþingi - Brúðkaup - Gjafir - Hljóðfæri - Listasafnið - Styrkir - *Þorfinnur karlsefni*

- Mannanöfn** Dinesen, Marie - Leach - Sigurður Eggerz - Thulinius, Thor - Nielsen, Ludolf - Nienstadt, Hans
- Staðarnöfn** Berlín - Kanada - Kaupmannahöfn - London - Milton - Pólland - Róm - Vín
- 1.56** „Útlagar“ Einars Jónssonar: spjallað við frú Önnu Jónsson.“ *Morgunblaðið*, 23. nóv. 1962, myndir, s. 167.
- Umsögn** Spjallað við Önnu um verkið Útlagar. Þar kemur meðal annars fram hvar það var unnið, eðli listaverksins, hvernig það komst til landsins og hvar það hefur verið staðsett.
- Efnisorð** Afsteypur - *Útlagar*
- Mannanöf** Thomsen, Ditlev
- Staðarnöfn** Charlottenborg
- 1.57** Á. H. B. „Íslenskir listamenn: Einar Jónsson myndasmiður.“ *Iðunn*, (7), 1921-'22, myndir, s. 172, 173, 174, 176.
- Umsögn** Byrjað er á stuttu æviágripi. Fjallað er um uppvaxtarár hans og listhneigð sem kom fram strax á barnsaldri. Greint er frá skólagöngu og dvöl hans erlendis. Einar segir frá listskoðun sinni. Hann greinir frá fjárstyrk sem hann hlaut til að flytja verk sín heim og að hann eignist íslenska ríkinu öll verk sín að því tilskildu að reist verði yfir þau hús. Sagt er frá listhúsinu sem þegar er reist. Lýst er þeim verkum sem fyrir augu ber í safninu.
- Efnisorð** Bernska - Gildismat - Lágmyndir - Listasafnið - Styrkir - Trúmál - *Alda aldanna (Aldna alda)* - *Árstíðirnar* - *Brautryðjandinn* - *Drengur á bæ* - *Dögun* - *Einbúinn í Atlantshafi* - *Engill lífsins* - *Fornlistin* - *Ingólfur Arnarson* - *Jón Sigurðsson* - *Natura Mater* - *Nemisis* - *Samviskubít* - *Til ljóssins* - *Tíminn* - *Vökumaðurinn* - *Útlagar* - *Þorfinnur karlsefni* - *Þróun (Nýtt líf)*
- Mannanöfn** Björn Kristjánsson - Magnús Helgason - Ólöf Briem - Rodin - Rögnvaldur Pétursson - Sinding, Stephan - Thomsen, D. - Thorvaldsen - Valdimar Briem
- Staðarnöfn** Austurríki - Bæheimur - Charlottenborg - Danmörk - England - Ítalía - Kaupmannahöfn - Róm - Ungverjaland - Þýskaland

1.58 Sigurður P. Sívertsen. „Hallgrímsminning.“ *Prestafélagsritið*, (8),1926, myndir, s. 173.

Umsögn Greininni fylgja myndir og ummæli dr. Guðmundar Finnbogasonar um minnismerki Hallgríms Péturssonar. Fram kemur að Einar sýnir Hallgrím bæði eins og samtímamenn sáu hann og einnig eins og hann horfir við frá sjónarmiði sögunnar.

Efnisorð *Minnismerki um Hallgrím Pétursson*

Mannanöfn Guðmundur Finnbogason

1.59 „Bernska og æska í Kaupmannahöfn.“ [*Án titils blaðs*], [23. júní 1963], myndir, s. 181.

